

Matsblað ritrýnenda

Markmið ritrýni og ritstjórnar hjá Háskólaútgáfunni er að tryggja að fullnægt sé alþjóðlegum kröfum um gæði og nýnæmi þeirrar þekkingar sem fram er sett. Kröfurnar varða innihald, vísindaleg vinnubrögð og framsetningu. Meginþættir ritrýni og ritstjórnar felast í þremur þáttum:

1. Gæðamat á heildarefni, með sérstakri áherslu á fræðilegt framlag í ljósi þekkingar á sviðinu.
2. Tillögur um endurbætur á inntaki og framsetningu þar sem því er að skipta.
3. Ábendingar og tillögur um lagfæringar á einstökum málsgreinum og setningum, orðalagi og allri textameðferð, ef við á. Beinar prófarkaleiðréttingar af hálfu ritrýnenda eru óþarfar.

Ritrýnar njóta nafnleyndar.

Öll auðkenni ritrýnenda og vinnslu þeirra eru afmáð svo sem þau sem rekja má í ritvinnsluforritum. Þegar höfundum eru afhentar athugasemdir ritrýna er tryggt að nöfn þeirra birtast hvergi.

Til hliðsjónar – Úr reglum um Matskerfi opinberra háskóla, 28. desember 2011.

Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur sé metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

Mat á ritrýndum bókum sem Háskólaútgáfan gefur út getur fallið í þrjá flokka, A 2.2, A 2.3 og A 2.4. Samsvarandi flokkun gildir um bókarkafli (A 3.2 og A 3.3 í matsreglum). Sjá reglur í heild á: http://www.hi.is/adalvefur/matskerfi_opinberra_haskola_desember_2011. Viðmið Háskólaútgáfunnar í mati á ritrýndu efni byggjast á flokkum A 2.2 og A 2.3.

A2.2. Alþjóðleg ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun (allt að 75 stig)

Innlend ritrýnd ritverk teljast hafa alþjóðlega skírskotun ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 1) Verkin uppfylla kröfur um þekkingarsköpun í alþjóðlegri vísindaumræðu samtímans.
- 2) Útgefandinn tryggir aðgengileika verka erlendis (t.d. með umboðsaðilum), þannig að hægt sé að nálgast þau á alþjóðlegum bókakaupalistum.
- 3) Auk ritrýni sinnir forlagið virkri fræðilegri ritstjórn.
- 4) Ef verkið er á íslensku skal fylgja því útdráttur á ensku (eða öðru útbreiddu tungumáli).

A2.3. Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag (allt að 50 stig)

Hér er t.d. átt við ritrýnd ritverk sem gefin eru út af viðurkenndum útgáfuaðilum en er einkum beint til staðbundins fræðasamfélags (e. „domestic academic community“) og uppfylla ekki öll þau skilyrði sem sett eru um flokk tvö. Gerð er skýlaus krafa um að verk í þessum flokki byggji á sjálfstæðum rannsóknum en gildi þeirra getur jafnframt falist í vissu miðlunarhlutverki, þ.e. að þau beini alþjóðlegri vísindaumræðu og kenningum inn í staðbundið fræðasamfélag.

A2.4. Aðrar bækur (allt að 25 stig)

Í þennan flokk falla ritrýnd vísindarit og önnur mikilvæg fræðirit sem einkum er beint til staðbundins fræðasamfélags.

Nafn bókar: _____

1. Ritrýnir, sem er sérfræðingur á fræðasviði bókarinnar, hefur kynnt sér efni hennar gaumgæfilega og telur bókina (merkið í einn af þremur reitum):

- Hæfa til birtingar án breytinga
- Hæfa til birtingar með þeim breytingum sem ritrýnir leggur til
- EKKI hæfa til birtingar

Gerðu grein fyrir fræðilegum nýjungum bókarinnar.

Gerðu grein fyrir fræðilegum annmörkum bókarinnar, ef um slíkt er að ræða.

Tilgreinið dæmi um efnislegar rangfærslur og ófullkomnar röksemdafærslur, ef um slíkt er að ræða. (Vísuð í athugasemdir á tilteknum blaðsíðum)

Gerðu grein fyrir helstu þáttum sem gera þarf breytingar á, t.d. málfari og byggingu texta, rangfærslum og ófullkomnum röksemdafærslum, til að bókin verði hæf til birtingar. (Vísðu í dæmi á tilteknum blaðsíðum)

Matsblaði þessu fylgir:

- Greinargerð með athugasemdum í fylgiskjali
- Handrit bókar með athugasemdum sem gerðar hafa verið við texta hennar
- Önnur fylgiskjöl, hver? _____

Upplýsingar um ritrýnanda (fyrir ritstjóra eingöngu - ekki sent höfundum)

Nafn: _____

Prófgráða: _____

Fagsvið: _____